

Miðvikudaginn 2. október 1996.  
 Nr. 360/1996. **Söluskrifstofa Bjarna/Braga ehf.**  
 (Sigmundur Hannesson hrl.)  
 gegn  
**tollstjóranum í Reykjavík**

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Endurupptaka.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 17. september 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 23. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. september 1996, þar sem hafnað er kröfu sóknaraðila um endurupptöku á meðferð kröfu um gjaldþrotaskipti á búi hans, en búið var tekið til skipta með úrskurði 8. júlí 1996. Kæruheimild er í 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Sóknaraðili krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og endurupptaka málsins heimiluð.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

### **Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 5. september 1996.**

Með bréfi, sem barst dóminum 12. ágúst 1996 og undirritaður dómarafulltrúi fékk til meðferðar 21. ágúst sama ár, er þess óskað af hálfu Söluskrifstofu Bjarna og Braga ehf., að mál nr. G-373/1996, krafa tollstjórans í Reykjavík, að bú Söluskrifstofu Bjarna og Braga ehf. verði tekið til gjaldþrotaskipta, verði endurupptekið, en samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, kveðnum upp 8. júlí 1996, var bú Söluskrifstofu Bjarna og Braga ehf. tekið til gjaldþrotaskipta.

Beiðnin var tekin fyrir á dómþingi 3. september 1996 að viðstöddum lögmanni Söluskrifstofu Bjarna og Braga ehf., lögmanni skiptabeiðanda og skiptastjóra þrotabús Söluskrifstofu Bjarna og Braga ehf. Kröfunni var

ekki mótmælt af hálfu skiptabeiðanda. Skiptastjóri þrotabúsins upplýsti dóminn um, að hann hefði þegar gefið út innköllun til skuldheimtumanna. Honum hefðu borist sex kröfulýsingar, en kröfulýsingarfrestur myndi renna út 1. október nk. Af hálfu Söluskristofu Bjarna og Braga ehf. var beiðni um endurupptöku málsins ítrekuð, og að kröfu félagsins var málið tekið til úrskurðar.

Í framangreindu bréfi lögmanns Söluskristofu Bjarna og Braga ehf. kemur fram, að félagið eigi fasteign og sölumat hennar sé 15.000.000 kr., en á henni hvíli veðskuldir, að fjárhæð u. þ. b. 10.500.000 kr. Félagið hafi greitt kröfu skiptabeiðanda u. þ. b. einni og hálfri klukkustund eftir, að málið hafi verið tekið til úrskurðar 5. júní 1996. Félaginu hafi ekki borist vitneskja um, að félagið hefði verið tekið til gjaldþrotaskipta, fyrr en stjórnarformanninum hafi borist bréf frá skiptastjóra, dags. 16. júlí 1996.

Krafan um endurupptöku er reist á því, að forsendur fyrir beiðni skiptabeiðanda séu brostnar og að í raun hafi skort lagaskilyrði fyrir kröfu skiptabeiðanda. Félagið hafi greitt skiptabeiðanda þá kröfu, sem krafa um gjaldþrotaskipti byggist á, en auk þess hafi félagið átt nægar eignir til þess að tryggja kröfu skiptabeiðanda. Fjárnámsbeiðnin (sic) frá 5. desember 1995, sem hafi verið grundvöllur kröfu skiptabeiðanda, hafi verulega annmarka og gefi því ekki rétta mynd af fjárhag félagsins, sbr. 1. tl. 2. gr. 65. gr. laga nr. 21/1991. Því er haldið fram, að málsástæður félagsins um skilyrði fyrir uppkvaðningu gjaldþrotaurður og atvik, sem hafi gerst fyrir uppkvaðningu hans, hafi getað valdið því, að niðurstaða úrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur hefði orðið önnur. Um lagarök vísar Söluskristofa Bjarna og Braga ehf. til 1. mgr. 137. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 3. mgr. 176. gr. og 3. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991, en auk þess telur félagið nánar tilgreindar dómsniðurstöður Hæstaréttar og Héraðsdóms Reykjavíkur styðja mál þess.

Krafa tollstjórans í Reykjavík um, að bú Söluskristofu Bjarna og Braga ehf. yrði tekið til skipta, barst Héraðsdómi Reykjavíkur 29. febrúar 1996. Hún var tekin fyrir 8. maí s. á., og var lögmaður viðstaddur af hálfu félagsins. Óskaði hann eftir fresti, og var málinu frestað til 5. júní s. á. Þegar málið var tekið fyrir að nýju þann dag, var ekki sótt þing af hálfu félagsins, og var málið tekið til úrskurðar. Í úrskurðinum frá 8. júlí 1996 kemur m. a. fram, að þar sem skuldari hafi ekki mótmælt kröfu skiptabeiðanda, beri með vísan til 2. mgr. 70. gr. laga nr. 21/1991 að líta svo á, að hann viðurkenni, að fullyrðingar skiptabeiðanda séu réttar. Var það niðurstaða dómsins, að skilyrðum 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 væri fullnægt, og því orðið við kröfu skiptabeiðanda.

Af niðurstöðum Hæstaréttar í dómum, sem rétturinn kvað upp 9. desem-

ber 1992 í máli nr. 427/1992, 12. september 1995 í máli nr. 277/1995 og 6. desember 1995 í máli nr. 397/1995, verður ráðið, að 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verði beitt, þegar útivist hefur orðið af hálfu skuldara við fyrirtöku kröfu um gjaldþrotaskipti samkvæmt 3. mgr. 176. gr. og lokamálslið 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991. Réttaráhrif úrskurðar um gjaldþrotaskipti, sbr. 72.-74. gr. laga nr. 21/1991, eru hins vegar annars eðlis en réttaráhrifa dóms eða áritaðrar stefnu í einkamáli, en úrskurður um gjaldþrot snertir að jafnaði ekki aðeins hagsmuni þrotamanns og skipta- beiðanda, heldur einnig þriðja mann, og auk þess á þrotamaður þess kost að fá eignir búsins afhentar að nýju eftir lok kröfulýsingarfrests með samþykki skipta beiðanda og annarra, sem hafa lýst kröfunni í protabúið samkvæmt ákvæðum 154. gr. laga nr. 21/1991. Eins og kemur fram í dómi Hæstaréttar, sem kveðinn var upp 30. september 1994 í máli nr. 397/1994, gildir enn fremur ekki almenn regla einkamálaréttarfars um málsforræði frá uppkvaðningu úrskurðar um gjaldþrotaskipti og þar til kröfulýsingarfresti við skiptin er lokið, og því geta aðilar ekki sammælt um endurupptöku á meðferð kröfu um skiptin í því skyni að fá þau felld niður. Í ljósi framanritaðs þykir því ekki unnt að beita 1. mgr. 137. gr., sbr. 138. gr. laga nr. 91/1991 fortakslaut um beiðnir um endurupptöku mála, sem rekin hafa verið samkvæmt lögum nr. 21/1991 og lokið með úrskurði um gjaldþrotaskipti.

Eins og fram hefur komið, var sótt þing af hálfu söluskrifstofu Bjarna og Braga ehf., þegar krafa skipta beiðanda var fyrst tekin fyrir 8. maí 1996. Lögmaður félagsins óskaði eftir fresti, en mótmælti ekki kröfu skipta beiðanda, en slík mótmæli hefðu þá þegar þurft að koma fram samkvæmt 3. og 4. mgr. 70. gr. laga nr. 21/1991. Gegn andmælum skipta beiðanda hefði félagið því ekki komið að mótmælum við kröfunni í síðara þinghaldi, og er þá höfð í huga niðurstaða Hæstaréttar í dómi, sem kveðinn var upp 11. janúar 1995 í máli nr. 12/1995. Er því ósennilegt, að málsástæður varðandi gildi fyrrgreinds fjárnáms og um eignastöðu félagsins hefðu komist að í málinu, þótt þær hefðu verið settar fram í síðara þinghaldinu og haft í för með sér, að niðurstaða málsins hefði orðið önnur en raun varð á með úrskurðinum frá 8. júlí 1996. Hins vegar hefði skipta beiðandi getað afturkallað kröfu um gjaldþrotaskipti, þar til úrskurður gekk um hana, sbr. 4. mgr. 67. gr. laga nr. 21/1991, en rúmur mánuður leið frá því að krafan var tekin til úrskurðar og þar til hann var kveðinn upp.

Samkvæmt framanrituðu er beiðni Söluskrifstofu Bjarna og Braga ehf. um endurupptöku málsins því hafnað.

Áslaug Björgvinsdóttir dómara fulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

## Úrskurðarorð:

Kröfu Bjarna og Braga ehf. um endurupptöku málsins nr. G-373/1996, krafa tollstjórans í Reykjavík um, að bú Söluskrifstofu Bjarna og Braga ehf. verði tekið til gjaldþrotaskipta, er hafnað.

---